

Lyfjabrunnur

(Port-A-Cath)

Lyfjabrunnur er lítið kringlótt hylki oftast úr málm sem komið fyrir undir húð, vanalega ofarlega á bringunni. Við hylkið er tengd örmjó slanga sem þrædd er í stóra bláæð innan á brjóstveggnum. Á hylkinu er himna úr plastefni sem hægt er að stinga í gegnum. Lyfjabrunnur er svo notaður við lyfjagjafir o.fl. og þá losnar sjúklingurinn við endurteknar nálarstungur í bláæð.

Lyfjabrunnur er alltaf settur upp í svæfingu á skurðstofu. Gerður er 4–5 cm langur skurður. Þá er stungið á bláæð og slangan þrædd inn og staðsett í röntgenskyggingu. Búinn er til lítill vasi undir húðinni sem lyfjabrunninum er settur í. Aðgerðin tekur um hálfu klukkustund og að henni lokinni er stundum tekin röntgenmynd. Búast má við eymslum á skurðsvæðinu í viku eftir aðgerðina. Flestir þurfa á verkjalyfjum að halda fyrsta sólarhringinn eftir aðgerðina.

Mikilvægt er að hafa samband við lækni ef vart verður eftirtalinna einkenna fyrstu dagana eftir aðgerð

- Hiti og kuldaþrollur
- Andþyngsli og brjóstverkur
- Bólga á hálsi.
- Bólga í kringum skurðsár og á handlegg þeim megin sem lyfjabrunnurinn er.
- Blæðing frá skurðsári.

Þegar lyfjabrunnurinn er notaður er húðin deyfð með deyfikremi klukkustund áður. Síðan þarf að þvo húðina yfir honum með sótthreinsandi efni áður en stungið er með sérstakri nál í gegnum húðina og himnuna á lyfjabrunninum. Sömu nál má hafa í lyfjabrunninum í 7–10 daga. Í lyfjabrunninum er hægt að gefa öll lyf, vökva, næringu og blóðhluta. Einnig má nota hann til blóðsýnatöku. Þegar búinn er að nota lyfjabrunninum þarf að skola hann fyrst með saltvatni og síðan með blöndu af saltvatni og blóðþynningarefni til að koma í veg fyrir blóðstorkun í honum. Þegar lyfjabrunnurinn er ekki í stöðugri notkun þarf að skola hann á sama hátt á þriggja mánaða fresti. Lyfjabrunnurinn getur dugað í nokkur ár og stinga má í hann 1000-3600 sinnum allt eftir grófleika nálanna. Þegar ekki er lengur þörf á lyfjabrunninum er hann fjarlægður í svæfingu.





Nokkrar algengar spurningar og svör:

- Hefur lyfjabrunnur áhrif á rannsóknir á sjúkdómnum?
Nei, hann truflar ekki sneiðmyndir, röntgenmyndir eða segulómanir.
- Setur lyfjabrunnur af stað málmleitartæki á flugvöllum?
Nei, svo lítið er af málm í honum að slíkt á ekki að gerast.
- Hafa örbylgjuofnar eða önnur rafmagnstæki áhrif á lyfjabrunninn?
Nei, ekkert er í lyfjabrunninum sem slík tæki hafa áhrif á.
- Er í lagi að fara í sund með lyfjabrunn?
Já, eftir að skurðsárið er gróið er allt í lagi að fara í bað og sund. Ef nálin er í má fara í sturtu en ekki í sund.
- Er í lagi að aka bifreið ef maður er með lyfjabrunn?
Já, lyfjabrunnur hindrar ekki hreyfingar handanna og hefur ekki áhrif á viðbragðsflýti.

Nálaísetning



Unnið af Sigurlaugu Magnúsdóttur hjúkrunarfræðingi, 1999. Yfirfarið af Sigrúnu Þóroddsdóttur og Önnu Ólafíu Sigurðardóttur hjúkrunarfræðingum á Barnaspítala Hringins, 2002. Yfirfarið síðast feb.2007